leik. En grunnurinn stendur vel og þó að maður fái aldrei neitt að leika hefur maður lært á sjálfa sig sem manneskju. Það eru ekki margir skólar sem kenna fólki það."

Hvað var mest gaman að gera?

„Mér fannst ofsalega gaman að leika í barnaleikritinu á þriðja ári. Það var erfiður tími en ákaflega lífrænn. Börn sólarinnar á öðru ári var gott verkefni, sterkur heimur sem situr í manni. Svo var mjög skemmtilegt að leika í Sköllóttu söngkonunni, en erfitt. Ég lærði mikið af því."

Hvað langar þig mest til að gera?

„Ég gæti vel hugsað mér að leika í verkum aldamótahöfundanna. Hlutverkin til dæmis hjá Tsjekov og Gorkí eru svo vel skrifuð."

Hvað finnst þér þú geta og ekki geta að námi loknu?

„Ég veit ekki hvort það er eitthvað sem ég get ekki og ég vil ekki útiloka neitt. Sem nemandi er maður alltaf að takast á við ómögulega hluti og finnst allt mögulegt! Skólinn brýtur mann ekki niður þó að hann sé erfiður. Þetta er absolútt uppbyggjandi skóli, það sé ég á bekkjarsystkinum mínum. Þau hafa tekið rosalegum framförum. Það er erfiðara að sjá sjálfan sig, en ég vona að mér hafi farið fram eins og þeim."

Byrjaði tólf ára

Elva Ósk Ólafsdóttir fer með annað aðalhlutverkið í Hundheppinn, leikur eiginkonuna Báru.

Er hún ekki býsna fjarri persónu leikkonunnar?

„Það er einhver hluti af öllum persónum í manni sjálfum," segir Elva, „og ég skil Báru að mörgu leyti. Móðir hennar er pillusjúklingur, tengdamóðirin hins vegar hin fullkomna móðir og húsmóðir og báðar ögra henni stöðugt. Við sjáum hana með augum Ara eins og allar persónur og atburði í leikritinu og hún er ekki skemmtileg manneskja. En það er gaman að leika persónu sem fær litla samúð, og ég reyni að gera það af einlægni. Svona er Bára og hún hefur sínar ástæður til þess."

Hvað leiddi þig út í leiklist?

„Ég er frá Vestmannaeyjum og hef leikið með áhugaleikfélögum síðan ég var 12 ára. Svo lék ég í kvikmyndinni Nýju lífi og eftir það var ég ákveðin í að láta áhugamennskuna ekki nægja.

Skólinn hefur uppfyllt vonirnar fullkomlega. Þetta er dramatískur og klassískur skóli sem leggur lítið upp úr gamanleik, og það hentaði mér vel. En nú kemur að framhaldinu, lífinu. Skólinn var bara undirbúningur. Við höfum verið að safna í banka, nú er komið að því að nota innistæðuna. Ég er galopin fyrir öllu og vonast bara til að fá fullt að gera; það á við okkur öll í bekknum.

Bekkurinn okkar hefur verið ótrúlega samrýndur. Við erum átta ólíkar persónur og höfum nánast verið í sambúð í fjögur ár. Þetta er eins og ástarsamband þar sem gengur á ýmsu, en við komum upp aga strax og tömdum okkur að láta smáatriðin ekki fara í taugarnar á okkur. En þó að maður elski bekkjarfélaga sína hlakkar maður til að fara að vinna með öðru fólki. Það er kominn tími á það."

Tekur á tilfinningarnar

„Þegar ég var að alast upp sá ég leikarastarfið ekki fyrir mér sem framtíðarstarf, það var svo fjarlægt, eins og í bíómynd," segir Christine Carr. Hún reyndi flestar aðrar listgreinar áður en hún áttaði sig á að það var ekki svo fjarri lagi að læra að leika, og síðan hefur hún einbeitt sér að því.

„En skólinn var öðruvísi en ég hélt. Ég hélt að hann væri auðveldari, ekki svona mikið grufl sem tæki svona á mann tilfinningalega. Maður efast sífellt um sjálfan sig og má passa sig á að brotna ekki niður.

Eftir á fattar maður að eitthvert verkefni sem maður náði alls ekki utan um kenndi manni ýmislegt sem maður getur notfært sér seinna. Í grímuleiknum skildi ég galdurinn. Ég vann með tvær grímur, og ég heilsaði þeim þegar ég kom í skólann og kvaddi þær þegar ég fór vegna þess að þær voru líka lifandi.

Annars er ekkert eitt sem ég hef fallið fyrir. Það er margt í þessu öllu sem við höfum verið að gera. Mest spennandi er að fást við það sem býður upp á nýja sköpun, reynir á mann á nýjan hátt.

Í utanlandsferðunum sá ég hvað þetta er spennandi fag með margar ólíkar greinar, og mig langar til að fara utan og læra það sem erfitt er að læra hér, til dæmis látbragðsleik. En ég fer ekki strax. Fyrst er að átta sig og borga skuldirnar. Við erum frekar að byrja en enda. 27. maí ætti að vera inntökudagur en ekki útskriftardagur!"

Reyndist þjóðráð

Steinn Ármann Magnússon leikur aðalhlutverkið í Hundheppinn, Ara.

Eru þeir eitthvað skyldir?

„Ég finn sjálfan mig sterkt í þessum náunga. Hann er alltaf á miljón, tekur ekki á málum fyrr en um seinan og reddar þeim þá fyrir horn. Hann er eins og Íslendingar ganga og gerast, mokar ekki út úr sínu fjósi fyrr en allt er komið á kaf og reynir þá að grípa til patentlausna. Kannski eru þetta vaxtarverkir kotbændasonanna?"

Af hverju fórst þú í leiklistarnám?

„Ég fann fljótt að langskólanám átti ekki við mig, ég gat ekki setið kyrr yfir bókum. Svo lék ég á skólasýningu í Flensborg og þegar öll sund virtust lokuð fannst mér þjóðráð að reyna við leiklistarskólann.

Og það reyndist þjóðráð. ég hef lært heilmikið þótt ég sé auðvitað ekki fullnuma. Mig vantar aðallega – það hlýtur að vera til betra orð en „reynsla" – verksvit. Það öðlast maður með vinnu. Þetta er eins og læra iðn; maður lærir aðferðirnar en verður að fá þjálfun til að nýta sér þær.

Það urðu ansi stór hvörf hjá mér á fyrstu önn á þriðja ári. Þá lék ég Freder í Sjúkri ásku. Það gaf mér tækifæri til að opna fyrir tilfinningarnar. Ég hafði verið svolítið lokaður, fannst leiðbeiningarnar trufla mig, en eftir þetta hætti ég að halda aftur af mér og gat bætt við mig. Leiðsögnin fór að skila sér."

Hvað langar þig mest til að gera?

„Maður veit að eitt liggur betur fyrir manni en annað, en það sem ekki virðist eiga við mann er meiri áskorun. Ég hef mikið fengist við rudda í þessum skóla og ég veit að þeir liggja nokkuð vel fyrir mér. En það væri meiri ögrun að leika til dæmis hlutverk eins og Ragga í Bílaverkstæði Badda sem Sigurður Sigurjónsson leikur. Hann er allt annað en töff."

Hvað er framundan?

„Við eigum eftir að fara rúnt til að kynna okkur fyrir leikstjórum og láta þá hafa myndir af okkur. Ég gæti líka vel hugsað mér að bjóða mig fram sem leikstjóra hjá áhugahópi. Og svo er ég með hugmyndir um að setja upp sjálfur. Það væri áskorun út af fyrir sig að setja upp verk til dæmis eftir Sam Shepard sem ég held mikið upp á. Annars bíð ég bara – og spila með Kátum piltum í Hafnarfirði á meðan."

SA

Tvennir tímar og



MYNDLIST

ÓLAFUR GÍSLASON

Samsýning í Nýlistasafninu
15.04 -30.04
Sýning Listmálarafélagsins
á Kjarvalsstöðum apríl-maí 1989

Það kann að hljóða sem þversögn, en virðist engu að síður vera satt: það er hægt að upplifa tvenna tíma í einu. Til dæmis með því að fara á sama degi og skoða sýningar þær sem Listmálarafélagið heldur á Kjarvalsstöðum og sýningu þá sem aðstandendur Nýlistasafnsins standa nú fyrir í bakhúsinu við Vatnsstíginn.


Andinn sem ríkir á Kjarvalsstöðum endurspeglar eftirstríðsárin, nánar tiltekið 6. áratuginn. Í sölum Nýlistasafnsins sjáum við hins vegar þá myndlist sem einkennir og endurspeglar samtímann. Það undarlega er hins vegar að báðar sýningarnar eru unnar af fólki sem lifir og hrærist í sama tímanum og sama umhverfinu. Í báðum tilfellum er um „nýja" listsköpun að ræða.

Það ólíka yfirbragð sem þessar tvær samsýningar búa yfir vekur spurningar: Hvað kemur tíminn listinni við? Hvers vegna þarf listin yfir höfuð að vera háð tímanum? Er sannleikurinn ekki óháður tímanum? Er fegurðin ekki óháð tímanum?

Jafnvel þótt við kæmumst að þeirri niðurstöðu að tíminn komi hvorki listinni, fegurðinni né sannleikanum við, þá losar það okkur ekki undan vandanum, því það skýrir ekki fyrir okkur hvers vegna Listmálarafélagið er svona háð andanum frá því á 6. áratugnum. Þeir í Listmálarafélaginu (sýnendur eru allir karlmenn) eru nefnilega ekki síður háðir tímanum en þau sem sýna á Nýlistasafninu. Þeir lifa bara í öðrum tíma í andanum.

Á meðan myndlistin er háð sögunni, sinni eigin sögu, þá er hún einnig háð tímanum. Þróun myndlistar 20. aldarinnar hefur falist í því að listin hefur stöðugt verið að afvopna sjálfa sig, til þess að rísa upp aftur í neikvæði þess sem var. Einungis þannig hefur myndlistinni tekist að forðast þá yfirgengilegu áráttu síðkapítalismans og upplýsingasamfélagsins að gera alla hluti að klisjum og skiptimynt. Einungis þannig hefur myndlistarmönnum tekist að sýna fram á að starf þeirra hafi eitthvert það samband við „sannleikann", sem geri það í eðli sínu merkilegra eða sannara en það starf sem fólgið er í venjulegri klisjugerð og fjöldaframleiðslu fyrir neyslusamfélagið.

Sú hugmynd, að myndlistin eigi sér þróunarsögu, þar sem eitt tekur við af öðru út frá ákveðnu rökréttu samhengi við samtímann og fortíðina, er ekki nema 400 ára gömul. Fyrir daga Giorgio Vasari í Flórens á síðari hluta 16. aldar var ekki til nein listasaga. Einungis myndlist. Hugmyndin um listasöguna sem þróunarsögu varð til um leið og einstaklingshyggja endurreisnartímans ruddi hinum algilda og óumbreytanlega sannleika skólaspek-



Nýlistasafnið:
Jón Sigurhjartarson: Nafnlaus skúlptúr, 1989 efni: steinn, stál, tré o.fl.

Allir myrða yndi

Aalborg Teater sýnir:
I morfars hus eftir Per Olov Enquist
Leikstjóri: Stefán Baldursson

Í tilefni málþings um list og listgagnrýni heimsóttu okkur leikarar frá Álaborg og sýndu leikritið Heima hjá afa eftir Per Olov Enquist. Það er engin leið að fjalla um sýningu á framandi tungumáli án þess að hafa lesið verkið eða séð sýninguna oftar en einu sinni, þess vegna flokkast það sem hér fer á eftir undir hugleiðingar fremur en leikgagnrýni.

Stund gaupunnar

Eins og fram kom í viðtali við höfund verksins fyrir viku í þessu blaði heitir það á sænsku I lodjurets timma sem mætti þýða með Stund gaupunnar (en gaupan er tígrisdýr Vesturbotna, segir í leikskrá). Sá titill vísar til lýsingar piltsins í leikritinu á lifnaðarháttum gaupunnar þar sem hann gefur henni 25 tíma á sólarhring. Þegar honum er bent á reiknings-skekkjuna vill hann meina að gaupan eigi viðbótartíma á sólarhringnum, eina stund þegar allt getur gerst, tíma utan við tímann. Leikritið tekur að vísu nærri því tvo tíma, án hlés, en það sem gerist er eins konar tímalaust kraftaverk í huga prestsins sem segir söguna mörgum árum eftir að hún gerist.

Miðaldra kvenprestur er kallaður á geðveikrahæli eitt kvöld, líklega árið 1975, til að tala við ungan mann sem hvað eftir annað hefur reynt að svipta sig lífi. Ungur félagsráðgjafi sem hefur haft hann á sinni könnu er uppgefinn á honum og vill deila ábyrgðinni. Saman reyna þær að tosa piltinn yfir á sinn vallarhelming í tilverunni, til hversdagsleikans og sinnunnar, en það gengur illa. Reyndar heillast þær báðar yfir á hans hlið, þvert gegn vilja sínum. Við vitum ekki hvað verður um ungu stúlkuna en presturinn hættir prestsskap eftir þetta kvöld. Köllunin er farin og hin heiðbundna trú.

Himnaríkið hjá afa

Það sem gerist er samt engin ósköp. Pilturinn stillir konunum tveim bara upp frammi fyrir himnaríki og helvíti. Hans himnaríki er ekki móðurkviður heldur húsið hans afa, einu manneskjunnar sem sýndi honum gott atlæti í æsku. (eins konar karlkyns móðurkviður?) Svo dó afi og drengnum var varpað niður í víti ástleysisins. Síðan hefur hann freistað þess að komast aftur heim til afa með því að drepa. Fyrst fólkið sem flyst í afahús, svo köttinn sem er yndi hans í klefanum, og næst á eftir ætlar hann að deyja sjálfur. Það mistekst, en drengurinn veit að þetta er eina leiðin „heim".

Leikritið er innlifuð dauðahvöt, sjálfstortímingarþrá. Á okkar tímum (undir aldamót?) er hún skiljanleg þótt áhöld séu um hvort dekra eigi við hana eða ekki. Hitt er víst, Jesper Vigant sem leikur drenginn var innblás-